

Leikni í lesskilningi



Tengiliður verkefnis: Margrét Harðardóttir

Höfundar efnis: Anna Magnea Harðardóttir og Bergljót Vilhjálmisdóttir

Áherslupættir: miðstig, læsi, íslenska,

Markmið verkefnis

- Að hjálfa nemendur markvisst í læsi og lesskilningi.
- Að nemendur kynnist fjölbreyttu lesefni og ólíkum textagerðum.
- Að nemendur þjálfist í að greina aðalatriði í texta og geti dregið út helstu efnisorð.
- Að auka færni nemenda í að nota mismunandi aðferðir til að skilja, meta og túlka texta.
- Að efla virkni nemenda, sjálfstraust, áhuga og vellíðan í námi.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis.

- Útbjuggum námsefni í lestri og lesskilningi fyrir börn á miðstigi.
- Fundum áhugavert lesefni af ýmsu tagi úr íslenskum og erlendum bókum, blöðum og tímaritum, lesefni sem höfðar til nemenda til að efla lesskilning, áhuga, ánægju og sjálfstraust í lestri.
- Unnum fjölbreytt verkefni út frá þessu efni, verkefni sem þjálfar færni í lesskilningi og kennir markvisst aðferðir til að auka hann.

Framkvæmd, tímaplan og afrakstur verkefnis í júní 2017

apríl – sept 2016	<ul style="list-style-type: none">• Undirbúningur, hugmyndavinna. Fundum erlendar bækur ætlaðar fyrir 5. – 6. bekk, þýddum valda texta úr þeim og bjuggum til lesskilningsverkefni með áherslu á staðreyndir, orðaforða, meginefni, ályktun og niðurstöðu.• Byrjuðum að safna saman fjölbreyttum lestextum á íslensku og búa til spurningar úr þeim með áherslu á staðreyndir, orðskýringar, ályktun, meginefni.
sept- des 2016	<ul style="list-style-type: none">• Þýddum sambærilegt efni og spurningar fyrir 7. bekk úr sama bókaflökki.
Jan –mars 2017	<ul style="list-style-type: none">• Héldum áfram að finna til íslenskt lesefni fyrir 5. -7. bekk.• Skráðum texta og bjuggum til spurningar út textunum.• Prófuðum efnið sem ætlað var fyrir 5. og 6. bekk hjá nemendum í 6. bekk og litlum hópi í 7. bekk.
Apríl-júní 2017	<ul style="list-style-type: none">• Endurskoðun og frágangur á þýddum verkefnum fyrir 5. og 6. bekk.• Útbjuggum svarlykla fyrir 5. og 6. bekk.• Frágangur á þýddum textum fyrir 7. bekk• Yfirlestur og frágangur á íslenskum textum og verkefnum fyrir 7. bekk.• Útbjuggum svarlykla fyrir 7. bekk.• Útbjuggum leiðbeiningar með verkefnunum.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Tímaáætlun stóðst og vinna við verkefnið gekk samkvæmt áætlun. Við unnum megin hugmynda- og þýðingarvinnu í sumarleyfi, en yfirlestur, frágangur og prófun efnis jafnt og þétt yfir veturinn. Við fengum framhaldsstyrk til að ljúka verkefninu í október og hófumst þá handa við að útbúa sambærilegt þýtt efni fyrir 7. bekk og útbúa lesskilningsverkefni fyrir 5. – 7. bekk byggða á fjölbreyttum íslenskum textum.

Mat á verkefninu

Búið er að leggja verkefnin fyrir nemendur í 5., 6. og 7. bekk og vöktu þau áhuga og ánægju nemenda. Þau töluðu um að verkefnin væru áhugaverð, fræðandi og skemmtileg. Nemendur lögðu mikinn metnað í að standa sig vel og voru kappsfull við að leysa verkefnin. Hluti af verkefnunum voru nýtt í sérstakt lestrarátak sem nokkrir nemendur í 6. bekk fengu heim í janúar 2017 að lokinni LOGOS skimun. Við höfum nú lokið við að endurskoða verkefnin eftir fyrstu prófun þess og ábendingar frá nemendum og foreldrum. Verkefnin voru kynnt fyrir kennurum í Garðabæ á sameiginlegum fræðslufundi haustið 2017. Allir skólarnir fengu eintak til prófunar og vakti það ánægju fundargesta. Það er mat okkar af fyrstu notkun að verkefnin séu gagnvel og góð viðbót við lestrar- og lesskilningsþjálfun nemenda.

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Afrakstur

- Námsfni byggt á markvissri þjálfun í lestri og lesskilningi fyrir 5., 6. og 7. bekk.
- Skýrt afmörkuð og áhugaverð námskeið fyrir þrjá árganga í lesskilningi.

Ávinningur

- Námsfnið er einfalt og aðgengilegt í notkun. Auðvelt er að deila því og miðla til annarra skóla.
- Verkefnið er geymt á sameign skólans og verður á sameiginlegum vef skóla í Garðabæ.
- Nemendur munu vonandi sýna framfarir og bættan námsárangur sem eykur ánægju og hvetur nemendur áfram.
- Foreldrar munu vonandi lýsa ánægju sinni með skólastarf í Hofsstaðaskóla og það sem skólinn gerir til þess að koma til móts við mismunandi þarfir einstakra nemenda varðandi lestrarnám.
- Hægt er að meta árangur og framfarir nemenda með lesskilningsprófi fyrir og eftir notkun námsefnisins.

Kynning

- Verkefnin var kynnt fyrir kennurum í Hofsstaðaskóla haustið 2017.
- Verkefnið var kynnt á sameiginlegum fræðslufundi kennara í Garðabæ haustið 2017.

Hofsstaðaskóli, febrúar 2018

Anna Magnea Harðardóttir

Bergljót Vilhjalmsdóttir